

BORGARRÁÐ 14. nóvember 2019: Framhaldsfyrirspurn áheyrnarfulltrúa Flokks fólksins um áætlanir um að setja Miklubraut í stokk - R19090131

Borist hafa svör við fyrirspurnum Flokks fólksins sem lúta að Miklubraut í stokk, hvert var markmið skipulagsyfirvalda borgarinnar með að setja Miklubraut í stokk og hvað vinnst með því. Í svarinu segir m.a.: „Með því megi bæta samgöngur allra ferðamáta og draga úr neikvæðum áhrifum bílaumferðar á loftgæði og hljóðvist, megi skapa mun betri N-S tengingar milli hverfahluta fyrir um 17 þús. manns sem búa á svæðinu í dag og með því megi þróa byggð á vannýttum veghelgunarsvæðum-fjölga íbúðum og byggja upp atvinnu og þjónustu á eftirsóttum reitum, miðsvæðis í borginni. Aksturinn á að styttest og byggingarmagn gæti orðið yfir 200 þús. fermetrar.“ Í framhaldi af þessu svari vill borgarfulltrúi Flokks fólksins spyrja um nokkra frekari óvissuþætti. 1. Varla leiða göng til hraðari umferðar eða stytta umferðartímann, nema að aðrar ráðstafanir verði gerðar. Svo sem að bæta umferðarflæði beggja megin við göngin. Verður það hægt? 2. Spurning um loftgæði: Hvert fer mengaða loftið úr göngunum? Fer það upp um loftop og inn í umhverfið fyrir ofan og heildarloftgæðin haldast þá varla óbreytt? Eða verður mikil mengun inni í göngunum og þá minni fyrir utan? 3. Göngin kosta mikið. Er því fé örugglega vel varið?